

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2014, mánudagurinn 17. nóvember var haldinn 126. fundur hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis og hófst hann kl 15:30 í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Mættir: Hörður Oddfríðarson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Kristín Erna Arnardóttir, Sverrir Þór Sverrisson og Elinóra Inga Sigurðardóttir. Áheyrnafulltrúi: Snorri Þorvaldsson. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Valgerður Sólveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitis, Aðalbjörg Traustadóttir framkvæmdastjóri PLH og Baldur Örn Arnarson sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins undir dagskrárlið nr. 1 og 2 voru Unnur Margrét Arnardóttir verkefnastjóri Betri Reykjavíkur og þau Stefán Agnar Finnsson og Margrét Sigurðardóttir úr fagteymi Umhverfis- og Skipulagssviðs.

Þetta gerðist:

1. Unnur Margrét Arnardóttir verkefnastjóri Betri Reykjavíkur og þau Stefán Agnar Finnsson og Margrét Sigurðardóttir úr fagteymi Umhverfis- og Skipulagssviðs fóru yfir mat fagteymisins á innsendum hugmyndum hverfisbúa í tengslum við verkefnið Betri hverfi.

Kristín Erna Arnardóttir vék af fundi kl 16:29.

2. Rætt var um framkvæmdina við Austurveg sem kosin var í Betri hverfum árið 2014. Meðlimir hverfisráðs hafa orðið varir við óánægju forsvarsmanna Grensáskirkju með útkomuna.

Elinóra Sigurðardóttir vék af fundi kl 16:35.

3. Tekin fyrir beiðni Foreldrafélags Háaleitisskóla og Íbúasamtaka Háaleitis um stuðning hverfisráðsins við baráttu þeirra fyrir bættri skólalóð Háaleitisskóla. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóma:

Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis tekur heilshugar undir kröfu Foreldrafélags Háaleitisskóla og Íbúasamtaka Háaleitis um endurbætur á lóðum Háaleitisskóla. Hverfisráð felur formanni að fylgja málinu frekar eftir.

4. Lögð var fram til kynningar tillaga Umhverfis- og Skipulagssviðs Reykjavíkurborgar varðandi næstu skref í rekstri fjölskyldugarða.

Fundi slitið kl.17:00

Hörður Oddfríðarson (Sign)

Sverrir Þór Sverrisson (Sign)

Elinóra Inga Sigurðardóttir

Kristín Erna Arnardóttir

Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)